

Foreldrafélag Glerárskóla

19. September 2016

Fundur var settur kl 18:00

Mættir: Brynja, Vilborg, Theódóra, Alma og Raket

1. Brynja setti fundinn og fyrst á dagsskrá var að ákveða hlutverk stjórnarmeðlima. Skiptingin var eftirfarandi:
Formaður: Theódóra Anna Torfadóttir
Gjaldkeri: Vilborg Hreinsdóttir
Ritari: Raket Ósk Jensdóttir
Meðstjórnendur Alma Stígsdóttir og Atli Viðar Jónsson
2. Næst var farið yfir hlutverk stjórnarinnar og kynnt fyrir nýjum meðlimum hvernig starfinu er háttað og farið yfir stöðuna á skipun í bekkjaráðin.
3. Ákveðið var að það yrði haldin fundur með fulltrúum bekkjarráðana þann 3. október kl 20:00 þar sem farið yrði yfir áætlanir þeirra fyrir viðburði vetrarins svo foreldrafélagið gæti síðan tekið ákvarðanir varðandi fjárúthlutanir fyrir veturinn.
4. Rætt var um stöðu fjármagns, en gjaldkerinn er að vinna að því að setja inn kröfur vegna foreldrafélagsgjalda.
5. Samtaka hefur boðað til fundar fimmtudaginn 22. september vegna umræðu um að taka upp foreldraröltið aftur og mun Theódóra fara fyrir hönd foreldrafélagsins í Glerárskóla. Stjórnin er hlynnt því að foreldraröltið verði tekið upp aftur.
6. Farið var yfir viðburði á síðasta vetrar og hvernig hefði tiltekist. Stjórnin var sammála um að vorhátíðin hefði heppnast mjög vel og það hefði verið góð mæting þar sem hún var haldin á skólatíma en ekki á laugardegi eins og oft áður. Stefnt er að því að halda hana aftur á skólatíma.
7. Einnig var jólaföndrið rætt og voru settar fram tillögur að því að lágmarka kostnaðinn við það og reyna að nýta frekar aðföng sem skólinn á fyrir og endurnýta það sem hægt er. Stjórnin var sammála um að þar sem Glerárskóli er Grænánaskóli væri þetta mikilvægur liður í því að huga að umhverfinu og lágmarka ruslið.
Ákveðið var að ræða tillögur um tímasetningu á jólaföndrinu á næsta fundi með bekkjarráðum.
8. Að lokum var rætt um að reyna að fjármagna kaup á æfingatækjum fyrir skólahreysti. En stjórnin var sammála um það að við ættum að gera okkar besta í að ýta undir hreyfingu og hreysti krakkana og reyna að finna leið til þess að geta keypt þessi tæki. Settar voru fram

nokkrar hugmyndir um fjármögnun þessa verkefnis og verður byrjað á því að leita til fyrirtækja eftir styrkjum til að kaupa þessi tæki.

Kl 19:00 var fundi slitið.

Rakel Ósk Jensdóttir, ritari